


131.löggjafarþing 2004-2005,
Þskj. 73-73.mál.

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1191
komudagur. 7.4. 2005



Umsögn varðandi tillögu til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára. Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímansdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Kristján L. Möller, Katrín Júlíusdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Helgi Hjörvar, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Jón Gunnarsson.

Athugasemd: Vissulega er sérstaða ungra fanga 18-24 ára mikil þar sem persónuleiki þeirra er ennþá í mótun. Það er því mikilvægt að umhverfið í fangelsinu miðist við þarfir þeirra, ef markmiðið er að um betrun sé að ræða samhliða refsingunni. Ungir afbrotamenn eru misjafnlega staddir hvað varðar sálrænan og félagslegan þroska og eiga mislangan og alvarlegan brotaferil að baki. Það ber að hafa í huga að ungir afbrotamenn með stuttan afbrotaferil eiga e.t.v. litla samleið með ungum afbrotamönnum með langan afbrotaferil sem grundvallast af sama sjónarmiði og að ekki eigi að setja unga fanga saman með þeim eldri.


Undirrituð gerir athugasemd við að í þingsályktunartillögunni vantar nákæman rökstuðning og skýringar á því hvers vegna eldri fangar hafa slæm áhrif á þá yngri.

Rannsóknir sýna að í mörgum tilvikum eiga síbrotamenn sögu um langvarandi félagslega erfiðleika vegna neyslu vímuefna. Það er því mikilvægt að í innviðum nýja fangelsisins sé gert ráð fyrir greiningu á vanda hvers og eins fanga hvað varðar geðheilbrigði, vímuefnavanda og félagslega stöðu. Einnig þarf nýtt fangelsi að hafa úrræði til endurhæfingar sem miðar að því að meðhöndla vímuefnasýki og geðrænan vanda. Rannsóknir sýna ennfremur að auk meðferðar er mikilvægt að endurhæfing sem snýr að atvinnumarkaði og námi sé þáttur í betrunarvist fanga.

Að lokum vill undirrituð nefna það að mikil þörf er fyrir félagslegri ráðgjöf í fangelsum landsins. Fangar þurfa aðstoð við að hafa fram á við varðandi fjölskyldutengsl og önnur félagsleg tengsl, húsnæðis og atvinnumál að fangelsisdvöl lokinni.

Reykjavík 5. apríl 2005

Fyrir hönd Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.


Erla B. Sigurðardóttir
félagsráðgjafi